BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 548

# Gunnar Guðjónsson

(1925 -2008)

**og**

# Grímar Helgi Jónsson

(1913-1980)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 548*

# Gunnar Guðjónsson
# og
# Grímar Jónsson

Formáli

Gunnar Guðjónsson var fæddur að Gíslakoti í Vetleifholtshverfi 21. febrúar 1925.
Foreldrar hans voru þau Þórunn Ólafsdóttir (1889-1978) húsfreyja og Guðjón Guðmundsson (1889-1984). Systkini Gunnars voru Vigdís (1911), Guðríður (1915), Valdimar (1918), Ingibjörg (1920), Ólafur (1922) og Guðmundur (1926).

Fyrri kona Gunnars var Lilja Kristinsdóttir (1927-2007), þau skildu. Dóttir þeirra er María Jóna fædd 1947. Seinni kona Gunnars var Hjördís Georgsdóttir fædd 26. desember 1928, dáin 30. apríl 2013. Dætur þeirra eru Erla (1956), Guðný (1959) og Guðríður Helga (1965). Börn Hjördísar eru Kolbrún M. B. Viggósdóttir og Benóný B. Viggósson.

Gunnar Guðjónsson var opinn og einlægur, félagslyndur og glaðvær, blíður og sannur. Trúr og dyggur sínu fólki enda vinsæll og vinamargur. Hann vann við ýmislegt um ævina. Fór til sjós og vann alla almenna verkamannavinnu. Hafði gaman af því að taka þátt í allskonar uppbyggingu og framkvæmdum. Hann starfaði í Félagsprentsmiðjunni og Gutenberg, en lengst af vann hann við hlið bróður síns Ólafs í Bikarboxi. Hann hafði alla tíð gaman af vinnu og sinnti öllum verkum sem honum var trúað fyrir af samviskusemi.
Gunnar Guðjónsson lést 19. janúar 2008.
(Heimild: *Morgunblaðið*, 29. janúar 2008, bls. 24).

Grímar Helgi Jónsson var fæddur 11. október 1913 að Helgadal í Mosfellssveit. Foreldrar hans vor þau Ingibjörg Jónsdóttir húsfreyja og Jón Jónsson bóndi. Hann missti foreldra sína úr spönsku veikinni og ólst upp hjá Gunnfríði Guðlaugsdóttur húsfreyju og Halldóri Jónssyni verksmiðjustjóra á Varmá og síðar kaupmanns í Verslunni Varmá í Reykjavík.
Grímar kvæntist, 17. nóvember 1945, Guðríði Guðjónsdóttur ættaðri úr Rangárþingi.
Hann byrjaði ungur að starfa með fóstra sínum við verslunina Varmá á Hverfisgötu í Reykjavík og tók við þeirri verslun að honum látnum og rak hana meðan kraftar entust. Hann var félagsmálamaður, byrjaði ungur í íþróttum og átti unglingamet í hástökki. Gekk snemma í knattspyrnufélagið Val og átti um tíma sæti í aðalstjórn þess. Hann var einn besti knattspyrnumaður hérlendis á árunum 1930-1945 og var einnig þjálfari í knattspyrnu og handbolta. Grímar Helgi Jónsson andaðist 27. maí 1980.
(Heimildir: *Morgunblaðið*, 4. júní 1980 og *Valsblaðið*, 32. á*rgangur 1974, 32. tbl., bls. 27).*

*Afhending*: Erla Gunnarsdóttir 9. október 1914.
*Innihald*: Skjöl og ljósmyndir.
*Tími*: 1935-1984.

## Skjalaskrá

### Askja 1
*Bréfa- og málasafn, prentað mál, 1935-1984.*

Örk 1
Jólakort til Grímars frá Oddný og Gunnari, 1938.
Jólakort til Grímars frá Halldóri Jónssyni, 1939.
Jólakort frá Sveini, 1939.
Jólakort frá Inga Eyvinds, 1939.
Jólakort frá Kristínu og Aðalsteini Jónssyni, 1939.
Jólakort frá Jenny Þorbjörgu Olafson, án árs.
Jólakort frá Óla Sig, án árs.
Tvö jólakort til Guðríðar frá Freyju, án árs.
Bréf til Gunnars frá Ólafi Guðjónssyni bróður hans, 20. júlí 1953.
Bréf til Gunnars frá Ólafi Guðjónssyni bróður hans, 7. júlí 1962.
Bréf frá mömmu og pabba til heimilisfólks Laugalæk 40, 1968.
Jólakort til Gunnars Guðjónssonar og fjölskyldu frá Eygló og Sigurði, 1973.
Jólakort til Gunnars Guðjónssonar og fjölskyldu frá Einari Sigurvinssyni og fjölskyldu, 1973.
Jólakort til Gunnars Guðjónssonar og fjölskyldu, 1975.
Heillaóskakort frá Kolbrúnu, Jóni og börnum, 21.febrúar 1980.
Póstkort frá Pílagrímunum til Hjördísar og Dóru Georgs, 7. ágúst 1953.
Boð á sýningar, 1980-1985.
Kort frá Aðalbjörgu Guðgerisdóttur, án árs.
Minningarkort um Grímar Jónsson frá Guðrúnu Gísladóttur og Jóni Björnssyni, 4. júní 1980.
Minningarkort um Guðjón Guðmundsson frá Guðrúnu Gísladóttur og Jóni Björnssyni, 9. febrúar 1984.
Póstkort til frú Fanneyar frá Stefáni Stefánssyni, 2. júní 1957.

Örk 2
*Frá Grímari Helga Jónssyni.*
Umslag lagt fremst í örkina. Á umslagið er ritað: *Grímar Jónsson. Valsmaður- stjórnarmaður o.fl., þjálfari kvenna í handbolta? Eigandi verslunarinnar Varmár á Hverfisgötu. Fæddur að Varmá í Mosfellsbæ- Hét fullu nafni Grímar Helgi, skírður eftir Grímarsfelli og Helgadal er sagt.*

Umslag 1
Hvítt umslag merkt Hvanneyri, á það er ritað: *Hjónin Grímar Jónsson og Guðríður Guðjónsdóttir kynnast á Hvanneyrarskóla*. Í umslaginu eruð ljósmyndir frá Hvanneyri, ómerktar, án árs.

Umslag 2
Knattspyrnufélagið Valur. Fulltrúaráð, stjórnir og jólakort, ljósmyndir og úrklippur úr blöðum, 1938-1956.
*Æskan er viðkvæm*, líklega eftirmæli eftir Grímar Jónsson, blaðaúrklippa, án árs.
*Sangbog for K.F.U.M.s Boldklub*, 1935.
*Söngbók Knattspyrnufélagsins Valur*, 1939.
Ein hópmynd án árs og þrjár myndir frá 1961.

Umslag 3
Grímar þjálfaði kvennalið Ármanns- í handbolta.
Mynd: Fyrstu Reykvíkingarnir sem verða Íslandsmeistarar í útihandknattleik kvenna, 1942.

Myndir: Reykjavíkurmeistarar 1947 og Íslandsmeistarar 1948, tvær myndir.
Mynd: Inni- Reykjavíkurmeistarar 1948 og Íslandsmeistarar 1949.
Myndir (4): Ómerktar og án árs.

Umslag 4
Hvítt umslag á það er ritað *Verslunin Varmá*. Myndir af Grímar Jónssyni, starfsfólki hans og verslunarhúsinu, 1961-1971.

Örk 3
*Leirsyrpa*, úr fórum Starfsmannafélags Félagsprentsmiðjunnar, 1950.
*Draumurinn*, ljóð, undirskrift K. J., án árs.
*Man ég*. ljóð, undirskrift Eggert Loftsson, án árs.
*Einræður* Starkaðar, eitt erindi, án árs.
Vísur líklega úr Eskifirði, án árs.
Sigfús Elíasson. *Áramótakveðja til forsætisráðherra Íslands Ólafs Thors og íslenzku þjóðarinnar*, 1. janúar 1963.
Teikning af Ólympíuhringjunum, án árs.
Landakort, gætu verið verkefni úr skóla, án árs.

Örk 4
Fasteignafélag Reykjavíkur, árgjald Halldórs Jónssonar, 1940.
Dánarbú Halldórs Jónssonar. Reikningar vegna jarðarfarar, greiðslur vegna húseignar og viðhalds o.fl., 1941.

Umslag
Jólakort ónotuð.

Umslag
Póstkort ónotuð.

Myndaalbúm
Ýmsar myndir innlímdar, ekki mannamyndir.

## Prentað mál

Frímerkjaalbúm.
Anthony Havil. *Raunhæft ástalíf: Handbók með 11 litprentuðum myndum*, 1945.

## Askja 2
*Prentað mál, bókhald og ljósmyndir, 1936-1979.*

*Hinir XI. Olympisku leikar í Berlín 1936*, bók með myndum frá leikunum.
Möppur 1-9, innlímdar myndasögur um Hróa Hött og kappa hans, neðanmálssaga í dagblaðinu *Vísir, án árs.*

## Bókhald

Umslag
Bókhald Gunnars Guðjónssonar. Húseignin Álfheimar 32, Byggingasamvinnufélag starfsmanna SVR- Laugalæk 40, lán, víxlar, skattar, raforka, barnalífeyrir, ferðalög o.fl., líklega 1941 til 1977.

## Ljósmyndir

Umslag 1
Umslag á það er ritað: *Félagar. Vinnumannagengi sem vann á Sigló m. m. við að reisa síldarvinnsluhúsið og m. fl. (Sundmenn líka). Léku sundknattleik og kepptu*. Myndir ómerktar og án árs.

Umslag 2
Umslag á það er ritað: *Vetur er á skíðum Ísafjörður og etv. fleiri staðir- Sigló og Hveradalir*. Myndir ómerktar og án árs.

Umslag 3
Umslag á það er ritað: *Akureyri, Grundarkirkja, Fnjóskárbrú, Mývatn*. Myndir ómerktar og án árs.

Umslag 4
Umslag á það er ritað: *Skip í Reykjavíkurhöfn*. Myndir ómerktar og án árs.

Umslag 5
Umslag á það er ritað: *Reykjavík*. Myndir ómerktar og án árs.
Mynd af hundi, aftan á hana er ritað: *Hvolpurinn okkar með bein. Gunnar á þessa mynd*, án árs.
Mynd líklega af Grímari Jónssyni. Aftan á myndina er ritað: *Blokk við Kleppsveg*, júní 1961.
Mynd. Aftan á myndina er ritað: Grímar Jónsson og Guðríður Guðjónsdóttir á Kleppsvegi 4. 8 hæða blokkin við Kleppsveg, júní 1961.

Umslag 6
Umslag á það er ritað: *Herskip*, ómerkt og án ár.

Umslag 7
Umslag á það er ritað: *Ýmislegt*, ómerkt og án árs.

Umslag 8
Umslag merkt á bakhlið: *Guðrún Erlendsdóttir, Blikanesi 3, 210 Garðabæ, Ísland*, ýmsar myndir, ómerktar og án árs.

Umslag 9
Mynd aftan á hana er ritað: *President J. K. Paasikivi´s begravning följé fraån Storkirken den 23. desember 1956. Finland.*

Umslag 10
Andlitsmyndir af konum, á eina er prentað 30. október 1953 og aðra 6. febrúar 1954, 4 myndir.
Mynd af Sigmari Guðmundssyni, án árs.
Myndir frá Kleppsvegi 4 8hh, 1979.
Mynd af harmonikkuleikurum. Aftan á hana er ritað: *Ásgeir Magnússon, Birkimel 6B*.
Ýmsar myndir, ómerktar, teknar 1961-1962.
Ýmsar myndir ómerktar og án árs.

Myndir úr albúmi, ómerktar, án árs.

Skráð í ágúst 2015
Gréta Björg Sörensdóttir